

**Ed. 243. Frumvarp til laga [121. mál]**

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

**1. gr.**

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:  
84.30.05 orðist svo:

05 Flökunarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski ..... 10%

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi:

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frv. þetta gerir ráð fyrir lækkun tolla af flökunarvélum og hausskurðarvélum til vinnslu á fiski úr 35% í 10%. Í ráði er að leggja síðar fyrir Alþingi það er nú situr frv. til laga um lækkun tolla af vélum almennt, en þar eð vertíð er nú hafin og atvinnuvegunum nauðsyn á að flytja vélar þessar inn nú vegar, er lagt til að tollur af vélum þeim, sem hér um ræðir, verði lækkaður strax.